

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum.

26

14. apríl

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

7. liður 1. kafla 2. gr. laganna orðist svo: lakkrís og lakkrísvörur 1 kg 210.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta til ársloka 1947 með 100% álagi gjald samkvæmt lögum nr. 60 1939, um gjald af innlendum tollvörutegundum, að viðbættu 50% álagi samkv. lögum nr. 94 1946, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að innheimta ýmis gjöld með viðauka. Hækkun þessi tekur þó ekki til gjalds af kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla greindra laga.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

## L Ö G

um breyting á lögum nr. 84/1932, um bifreiðaskatt o. fl.

27

14. apríl

## FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum sem hér segir:

- af benzíni 4 auro innflutningsgjald af hverjum lítra.
- af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 3 — þrjár — krónur í innflutningsgjald af hverju kg.
- af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga, 36 — þrjátíu og sex — krónur á ári af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.
- af bifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, 90 — níutíu — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg af þunga þeirra.

Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.

- af bifhjólum 60 — sextíu — krónur árlega af hverju hjóli.

Undanþegnar gjaldi samkvæmt c- og d-liðum eru skólábifreiðar.

27

14. apríl

2. gr.

Við 2. gr. laganna bætist ný málsgr., svolátandi:

Eigendur jeepbifreiða eiga rétt á endurgreiðslu skatts samkvæmt c-lið 1. gr., ef þeir sanna með vottorðum frá hlutaðeigandi skattanefndum, að bifreiðarnar hafi verið notaðar næstliðið ár að mestu eða öllu leyti við framleiðslu- og jarðyrkjustörf.

3. gr.

8. gr. laganna falli niður.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Hækkun bifreiðaskattsins tekur til þess skatts, sem féll í gjalddaga 1. apríl þ. á.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Jóhann Þ. Jósefsson.*

28

14. apríl

## L Ö G

um hækkun á aðflutningsgjöldum árið 1947.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

#### Vörumagnstollur.

Til ársloka 1947 skal innheimta vörumagnstoll samkvæmt lögum nr. 62/1939, um tollskrá o. fl., og síðari lögum um breyting á þeim lögum með þeim hækkunum, er hér greinir:

- a. af benzíni samkvæmt 27. kafla tollskrárlaganna 15. lið með 20 aurunum af kg í stað 1 eyris.
- b. af öllum öðrum vörum með 200% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

2. gr.

#### Verðtollur.

Á sama tíma skal verðtollur innheimtur með 65% álagi, með þeim undantekningum, sem um ræðir í 3. gr.

3. gr.

Undanþegnar tollhækkun þeirri, er um getur í 1. og 2. gr., eru eftirtaldar vörur: Tollskrárkafla 9 nr. 1—2, kaffi, óbrennt, brennt eða brennt og malað.

—	10	— 1—7, korn ómalað.
—	11	— 1—12, mjöl og grjón.
—	17	— 1—6, sykur.
—	22	— 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24	— 1—9, tóbak.
—	25	— 10, salt.
—	27	— 1—4, kol.
—	—	— 14, steinolía.